

Mál nr. 152/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. maí 2025, ásamt lögregluskýrslu.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu fór lögregla á vettvang þar sem ágreiningur var milli ökumanna um meintan árekstur milli bifreiðanna A og B hinn 16. apríl 2025. Ökumaður B vildi meina að ökumaður A hafi ekið aftur á bak á bifreið sína þar sem hún var kyrrstæð og mannlaus fyrir utan [...] á Sauðárkróki. Ökumaður A sagðist hafa farið á A í verslun skömmu áður en kannaðist ekki við að hafa ekið aftur á bak á B. Hann hafi ekki orðið var við neitt þegar hann var að aka bifreið sinni úr bifreiðastæði. Kvaðst hann þó ekki geta útilokað að hafa lent utan í B. Eigandi B kveðst ekki hafa séð meintan árekstur en að vitni hafi séð þegar bifreiðinni A var ekið á B. Staðfesti vitni við lögreglu að hafa séð þegar A var ekið aftur á bak á B.

M, sem er eigandi A, er ósátt við að bera ábyrgð á tjóni á B. Segir hún það undarlegt þar sem varla nokkuð sjáist á A. Þær smávægilegu rispur á A hafi verið komnar fyrir 15. apríl 2025. Vitnið segi að B hafi hreyfst til en það passi ekki þar sem B er 690 kg þyngri en A. Það hafi þurft að hafa fyrir því að aka utan í B en ökumaður A hafi verið mjög öruggur bílstjóri, skyggni hafi verið ágætt og bjart.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að af myndum úr bæði lögregluskýrslu og í málgögnum sjáist greinilega að tjónin eru í sömu hæð og á slíkum stöðum að það stemmi vel við að bifreið M hafi farið utan í B við akstur aftur á bak úr stöðureit. B var kyrrstæð og mannlaus í vegkanti við hliðina á stöðureit þar sem bifreiðin A ók aftur á bak úr.

Álit.

Með vísan til fyrirbyggjandi framburðar vitnis og upplýsingum í lögregluskýrslu m.a. samanburðar á ákomum á bifreiðunum A og B er það afstaða nefndarinnar að fyrir liggi fullnægjandi sönnun á því að bifreiðinni A var ekið aftur á bak utan í bifreiðina B hinn 16. apríl 2025.

Með vísan til ofangreinds verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, skipt þannig að ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir